

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði hinum stefndu og ákveðst hann 30 krónur.

Þ v í d æ m i s t r é t t i v e r a :

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Afryjandi Þorsteinn Sveinsson Kjarval greiði stefndu Eggert Claessen og Thor Jensen fyrir hönd P. J. Thorsteinsson & Co. 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaáðför.

Nr. 51/1912

Landsími Íslands  
gegn  
Einari M. Jónassyni.

D ó m u r :

Mál þetta var í héraði höfðað af stjórn landsímans gegn stefnda, yfirréttarmálaflutningsmanni Einari M. Jónassyni, til þess að fá hann dæmdan til að greiða landsímanum 12 kr. í afnotagjald fyrir talsíma og 2 kr. 75 aura fyrir símasamtöl út um landið í maí og júní 1911, og var það dæmt í bæjarþingsrétti Reykjavíkur 1. ágúst f. á. á þá leið, að stefnda var gert að greiða landsímanum 12 kr. með 6<sup>0</sup>/<sub>0</sub> ársvöxtum frá 19. apríl 1912, en málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Landsími Íslands skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 1. nóv. f. á., og krafist þess fyrir réttinum, að stefndi verði dæmdur til að greiða landsímanum alla upphæðina kr. 14,75 með 6% vöxtum frá 19. apríl f. á. til borgunardags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati réttarins. Stefndi Einar M. Jónason hefir af annari hálfu krafist þess, að málinu verði vísað frá, af því að það hafi eigi summa appellabilis, en til vara, að hann verði algerlega sýknaður, og enn til vara, að dómurinn verði staðfestur, og að hann fái tildæmdan hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins.

Eins og tekið hefir verið fram, var dómkrafa áfrýjanda fyrir undirréttinum 14 kr. 75 a., en þar fekk hann eigi dóm fyrir allri upphæðinni, og hefir fyrir þá sök áfrýjað málinu og gerir nú fyrir yfirdóminum kröfu um, að fá dóm fyrir allri þessari upphæð. Málið hefir þannig summa appellabilis, og verður frávísunar krafa stefnda eigi tekin til greina.

Af hinnu umstefndu upphæð er ágreiningur að eins um 2 kr. 75 au., sem er gjald fyrir símasamtöl út um land frá talsímaáhaldi stefnda. Það má nú álíta það sannað með skýrslum þeim, er fram hafa verið lagðar af hálfu áfrýjanda, að áminst símasamtöl hafi átt sér stað frá talsímaáhaldi stefnda, en hann kannast eigi við að hafa beðið um samtölin, og neitar því, að hann sé skyldur að borga gjaldið fyrir þann eða þá menn, er notað hafi talsíma hans við umrædd tækifæri. Þetta er þó eigi rétt, því að í skilmálum þeim fyrir talsímanotendur, sem fram hafa verið lagðar í málinu og álíta verður að stefndi hafi samþykkt fyrir sitt leyti, er hann pantaði talsíma fyrir sig, er það skýrt ákveðið, að talsímanotandi (o: sá er leigt

hefir talsímaáhaldið) beri ábyrgð á borguninni fyrir hvert samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann sjálfur hefir beðið um símtalið eða aðrir. Þetta verður eigi skilið á annan veg en þann, að landsíminn eigi aðgang að talsímanotanda, in casu stefnda, um borgun fyrir símasamtölin frá hans talfæri, og samkvæmt áminst-um skilmálum, sem eru samningur milli landsímans og stefnda, verður þess eigi krafist, að landsíminn gefi skýrslu um það, hver notað hafi talfæri stefnda í hvert skifti, hvort það hafi verið hann sjálfur eða einhver annar, en það verður að líta svo á, að talsímanotandi beri ábyrgð á því, hver notar talfæri hans, og hvernig það er notað.

Samkvæmt hinu framanritaða verður að dæma hinn stefnda til að greiða áfrýjanda hina umstefndu upphæð 14 kr. 75 aura með 6% vöxtum frá 19. apríl 1912 til greiðsludags, en vaxtaupphæðinni hefir eigi verið sérstaklega mótmælt. Eftir þessum úrslitum þykir og rétt, að stefndi greiði málskostnað, er ákveðst 30 krónur.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefndi Einar M. Jónasson greiði áfrýjanda landsíma Íslands 14. kr. 75 aura með 6% vöxtum frá 19. apríl 1912 til borgunardags, og 30 kr. í málskostnað.

Dómnum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.